

**3542. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 14. september 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Lif Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2309036 - Haustþing SSV 2023

Fundarboð um haustþing SSV sem haldið verður á Fosshótel Reykholti 4. október 2023.

(Þema þingsins eru menntamál)

Lagt fram.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar á fundinum verða, bæjarfulltrúarnir Einar Brandsson (kjörinn þingfulltrúi), Lif Lárusdóttur (kjörinn þingfulltrúi og stjórnarmaður SSV), Valgarður L. Jónsson (kjörinn þingfulltrúi), Ragnar B. Sæmundsson (kjörinn þingfulltrúi og stjórnarmaður SSV) og Liv Åse Skarstad (kjörinn þingfulltrúi).

Auk bæjarfulltrúa situr Haraldur Benediktsson þingið.

2. 2301214 - Kaup á tölvubúnaði vegna öryggismyndavéla

Bæjarráð samþykkir viðbótarútgjöld vegna kaupa á tölvubúnaði tengdum öryggismyndavélum á Jaðarsbökkum samtals að fjárhæð kr. 763.000 sem mætt er af deild 20830-4660 og færður á deild 06510-4660.

Samþykkt 3:0

3. 2303156 - Uppbygging við Jaðarsbakka - Starfshópur

Starfshópur óskar eftir fresti til og með 12. oktober 2023 til að skila af sér tillögu að stefnu.

*Bæjarráð samþykkir að framlengja frestinn til og með 31. október nk.
Fyrirhugaður er íbúafundur í október þar sem hönnuðir munu kynna sínar tillögu að skipulagi Jaðarsbakkasvæðis.*

Samþykkt 3:0

4. 2309085 - FVA - tækifærисleyfi vegna skóladansleiks

Beiðni frá sýlumanni um umsögn vegna umsóknar um tækifærисleyfi vegna skóladansleiks 21. september 2023 í skólanum Vogabraut 5 en gert er ráð fyrir að viðburðurinn standi frá kl. 21:00 þann 21. september nk. til kl. 00:00 aðfararnótt 22. september nk.

*U
+1.3*

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfis til umsækjanda vegna viðburðarins.

Samþykkt 3:0

5. 2309123 - Íþrótt- og heilsuvika FVA 25.-29. september 2023

Ósk um aðgang að sundlaug og þreksal án endurgjalds fyrir nemendur og starfsfólk FVA vikuna 25.-29. september. Um er að ræða verkefni á vegum Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) - íþróttavika Evrópu og gert ráð fyrir að starfsfólk Fjölbautarskólans og nemendur eigi kost á gjaldfrjálsum aðgangi að sundlaug og þreksal þriðjudaginn 26. september nk. og miðvikudaginn 27. september nk.

Bæjarráð fagnar framtakinu og samþykkir að leggja því lið með þeim hætti sem óskað er eftir.

Samþykkt 3:0

6. 2303099 - Dalabyggð- beiðni um framkvæmd og rekstur á barnaverndarþjónustu

7. mars 2023 barst beiðni frá sveitarstjóra Dalabyggðar um að Akraneskaupstaður ábyrgðist barnaverndarþjónustu sveitarfélagsins. Byggir beiðnin á 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga 80/2002, þar sem kveðið er á um að umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu skuli í það minnsta vera 6.000 íbúar.

Hefur samtal staðið yfir milli fulltrúa sveitarfélaganna um mögulega framkvæmd og niðurstaða þess samtals í framlögðum drögum að samningi milli sveitarfélaganna sem og drögum að þjónustusamningi.

Bókun velferðar- og mannréttindaráðs þann 5. september 2023:

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Jóna Björg Guðmundsdóttir verkefnastjóri fjölskyldumála hjá Dalabyggð sitja fundinn undir þessum lið. Lögð voru fram drög að þjónustusamningi á milli Akraneskaupstaðar og Dalabyggðar varðandi barnaverndarþjónustu. Aðilar eru sammála um samningsdrögin með þeim athugasemdum sem hafa verið gerðar. Aðilar eru sammála um aðferðafræði varðandi kostnaðarútreikning samningsins. Málinu er vísað til afgreiðslu í bæjarráði.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs situr fundinn undir þessum dagskrálið.

Lagt fram.

Gert er ráð fyrir að málið farið að nýju fyrir velferðar- og mannréttindaráð nk. þriðjudag þann 19. september og kemur svo að nýju til meðferðar í bæjarráði á síðari stigum.

Bæjarráð felur sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Hildigunnur Árnadóttir víkur af fundi.

U
H.B

7. 2303175 - Skógarlundur 2 umsókn um byggingarlóð

Beiðni um skil á lóð.

Umsækjandi byggingarlóðarinnar hefur ekki greitt áætlun gatnagerðargjalda og er því lóðin enn á forræði Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð heimilar skil á lóðinni sem fer því á lóðalistann yfir lausar lóðir á úthlutunarvef Akraneskaupstaðar <https://300akranes.is/>

Samþykkt 3:0

8. 2303217 - Brú hses - Skógarlundur 40, stofnframlag vegna íbúðakjarna 2023

Frágangur samnings um stofnframlag Akraneskaupstaðar vegna uppbyggingar íbúðakjarna.

Bæjarráð samþykkir fyrilliggjandi samning Akraneskaupstaðar og Leigufélagsins Brú hses. um stofnframlag til uppbyggingar á 6 íbúðakjarna við Skógarlund 40 á Akranesi sem gerður er á grundvelli laga um almennar íbúðir og reglugerðar nr. 183/2020 sbr. fyrilliggjandi úthlutun Húsnæðis- og mannvirkjarstofnunar um stofnframlag dags. 19. júní 2023.

Heildarstofnvirði framkvæmdarinnar er. kr. 315.357.229 og stofnframlag Akraneskaupstaðar er 16% af þeirri fjárhæð eða kr. 50.457.157 sem gerð er krafa um endurgreiðslu á í samræmi við reglur laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og ákvæði reglugerðar nr. 180/2020.

Bæjarráð vísar samningum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

Samþykkt 3:0

9. 2005140 - Bjarg íbúðafélag - umsókn um stofnfr.lag 2020 - Asparskógar 3

Frágangur samnings um stofnframlag Akraneskaupstaðar vegna íbúðakjarna.

Bæjarráð samþykkir fyrilliggjandi samning Akraneskaupstaðar og Bjargs íbúðafélags hses. Leigufélagsins Brú um stofnframlag til uppbyggingar á 24 íbúðum við Asparskóga 3 á Akranesi sem gerður er á grundvelli laga um almennar íbúðir og reglugerðar nr. 183/2020 sbr. fyrilliggjandi úthlutun Húsnæðis- og mannvirkjarstofnunar um stofnframlag dags. 14. júní 2022.

Heildarstofnvirði framkvæmdarinnar er. kr. 828.707.191 og stofnframlag Akraneskaupstaðar er 12% af þeirri fjárhæð eða kr. 99.444.863 sem gerð er krafa um endurgreiðslu á í samræmi við reglur laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og ákvæði reglugerðar nr. 180/2020.

Bæjarráð vísar samningum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

Samþykkt 3:0

HB.

10. 2204124 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur 2022-2026

Drög að viðauka við þjónustusamning ÍA og Akraneskauðstaðar.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs sitja fundinn undir þessum dagskrálið sem og undir dagskrálið nr. 11.

Bæjarráð felur sviðsstjóra frekari úrvinnslu málsins en gert er ráð fyrir að drögin fari að nýju fyrir skóla- og frístundaráð næstkomandi miðvikudag þann 20. september.

Dagný Hauksdóttir víkur af fundi.

11. 2309072 - Golfklúbburinn Leynir - púttflöt vegna dren- og brunnframkvæmda

Minnisblað frá Golfklúbbnum Leyni vegna dren- og brunnframkvæmda sem hafa áhrif á púttvöll.

Lagt fram.

Bæjarráð telur að um two aðskilin verkefni sé að ræða, annars vegar viðhald og endurbætur á húsnæði í eigu Akraneskaupstaðar og hins vegar ósk og vija félagsins til stækunar á púttvelinum, sem þó, eðli máls samkvæmt, getur verið hagkvæmt að framkvæma samhlíða.

Á þessu stigi máls telur bæjarráð nauðsynlegt að leiða til lykta ákvörðun um viðhald og endurbætur húsnæðisins og felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari úrvinnslu málsins.

Sigurður Páll Harðarson víkur af fundi.

12. 2309041 - Stígamót - styrkbeiðni vegna rekstrar

Styrkbeiðni frá Stígamótum vegna rekstar.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2024.

Samþykkt 3:0

13. 2308059 - Kvennaráðgjöfin - beiðni um fjárframlag fyrir 2023

Beiðni um fjárframlag til Kvennaráðgjafarinnar fyrir rekstrarárið 2023 barst þann 9. ágúst sl. að upphæð kr. 250.000.

Kvennaráðgjöfin býður upp á ókeypis lögfræði og félagsráðgjöf fyrir konur og hefur verið starfrækt frá árinu 1984.

Bókun velferðar- og mannréttindaráðs 29.08.2023:

Velferðar- og mannréttindaráð vísar beiðni Kvennaráðgjafarinnar til bæjarráðs.

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu vegna ársins 2023.

Samþykkt 3:0

14. 2309078 - Bókasafn Akraness - Beiðni um lengra vetrarstarf

Ingibjörg Ösp bæjarbókavörður leggur til lengingu opnunartíma safnsins yfir vetrartímann.

Bæjarráð samþykkir lengingu opnunartíma safnsins tímabilið fram til áramóta sem skv. upplýsingum forstöðumanns leiðir ekki til kostnaðarauka.

Ákvörðun varðandi opnunartíma næsta árs verður tekin í komandi fjárhagsáætlunargerð og í samfelli við málefni annarra safna Akraneskaupstaður.

Samþykkt 3:0

15. 2309059 - Bókasafn - Starfsdagur

Bókasafn Akraness óskar eftir leyfi til þess að loka Bókasafninu fimmtudaginn 21.september vegna starfsdags, starfsfólks safnsins mun sækja landsfund Upplýsingar. Undanfarin ár hefur dagurinn verið nýttur í djúpprif á safninu.

Bæjarráð samþykkir erindið.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.

Hil Sørndóttir
Valgerður Ól. Þórssen
Ragnar Sæmundsson
Háraldur Þurðarson
Sævar Álfssvein